


Reykjavík 15.06.2023

Varðar: Suðurlandsbraut 34 – (ums. um br. á umókn um byggingarleyfi)

Skoðuð er umsókn um breytingu á erindi BN061572, dags. 19.04.2023, sem varðar mhl.04 á reit A og felst í því að hætt er við sorpgeymslu innan húss og þess í stað gert ráð fyrir djúpgámum við hús eins og kveðið er á um í gildandi deiliskipulagi, ásamt því að byggja hjólageymslu neðanjarðar í stað hjólaskýla á lóð.



Skipulagsleg staða:

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem sýnir lóðina á Miðsvæði (M2)

Í gildi er deiliskipulagið Suðurlandsbraut – Grensás – Ármúli, samþ. 25.07.2000 með síðari breytingum fyrir Orkureit, Suðurlandsbraut 34 og Ármúla 31, samþykkt 01.07.2021.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Gildandi deiliskipulag



Umsögn:

Við meðferð máls var athugasemdum komið til hönnuða um að gera betur grein fyrir rampa að hjólageymslu í kjallara þar sem staðsetning hans þótti skerða möguleika tengibyggingar milli Orkuhússins og fjölbýlishúss á reit A til að opna út í garð og gera þar sólríkt dvalarsvæði á lóð. Hönnuðir sendu inn eftirfarandi tillögu að útfærslu á rampa að hjólageymslu sem gefur jafnframt möguleika á sólríku dvalarsvæði utan við tengibyggingu. Fallist er á þá útfærslu.



Niðurstaða:

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt / verkefnisstjóri